



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

## FRÉTTATILKYNNING

### EFTA-ríkin og Albanía undirrita fríverslunarsamning

**Genf – 17. desember 2009 – Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og sendiherra Albana í Genf undirrituðu í dag fríverslunarsamning. Samningurinn er til þess fallinn að styrkja efnahagstengsl EFTA-ríkjanna og Albaníu.**

Viðræður EFTA-ríkjanna og Albaníu um gerð fríverslunarsamnings, á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar um samstarf sem var undirrituð árið 1992, fóru fram á fyrra helmingi ársins 2009. Fyrir hönd EFTA undirrituðu samninginn Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, nú í forsæti EFTA, Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra Íslands, Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, og Doris Leuthard, sambandsráðherra og yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss. Fyrir hönd Albaníu undirritaði samninginn Sejdi Qerimaj sendiherra, fastafulltrúi Lýðveldisins Albaníu gagnvart Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í Genf.

Í fríverslunarsamningnum er sérstök áhersla lögð á afnám hafta á vöruviðskipti. Bæði EFTA-ríkin og Albanía munu fella niður alla tolla á iðnaðarvörum, m.a. fiski og öðrum sjávarafurðum, um leið og samningurinn öðlast gildi. Meðal samningsskjala, sem mynda grundvöll fríverslunarsvæðis þessara aðila, eru einnig tvíhliða samningar um landbúnaðarafurðir milli einstakra EFTA-ríkja og Albaníu. Jafnframt eru ákvæði um hugverkavernd, þjónustu og fjárfestingar og opinber innkaup. Sett verður á stofn sameiginleg nefnd til að fylgjast með framkvæmd samningsins og öðlast hann gildi þegar löggjafarþing allra samningsaðila hafa samþykkt hann.

Árið 2008 námu heildarvöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Albaníu 42 milljónum bandaríkjadala. Útflutningur frá EFTA-ríkjunum nam 38 milljónum bandaríkjadala og voru helstu útflutningsvörurnar lyf, vélar og tækjabúnaður, svo og tóbak. EFTA-ríkin fluttu inn vörur frá Albaníu að fjárhæð 4 milljóna bandaríkjadala, einkum vélar og tækjabúnað, korn og fræ og vefnaðarvöru.

Í EFTA-ríkjunum búa alls 12 milljónir manna; ríkin mynda saman níunda stærsta vöruviðskiptaaðila heims og eru umsvifamikil á sviði þjónustuviðskipta og beinnar erlendrar fjárfestingar. Þau hafa nú gert 20 fríverslunarsamninga við alls 29 samstarfsríki utan Evrópusambandsins. Af öllum vöruviðskiptum EFTA-ríkjanna falla 80 % undir ívilnandi viðskiptasamninga. (EFTA-4, ESB-27, 29 viðskiptaríki utan Evrópusambandsins).

Upplýsingar gefur:

Ms Elin Bjerkebo

Information and Communication, EFTA Secretariat

+32 2 286 17 19

[ebj@efta.int](mailto:ebj@efta.int)

---